

2. Fundur Kjaranefndar LEB haldinn í Ármúla 6, 4.2.2021 kl. 10:15-12:00.

Mætt: Drífa Sigfúsdóttir, Haukur Halldórsson, Jón Ragnar Björnsson, Sigurbjörg Gísladóttir, Þorbjörn Guðmundsson. Stefanía Magnúsdóttir, varamaður Sigurðar Björgvinssonar. Einnig sat fundinn formaður LEB, Þórunn Sveinbjörnsdóttir.

Formaður setti fund og bauð nefndarfólk velkomið.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Nýjar upplýsingar um kjaramál.

Haukur og Þorbjörn fóru yfir og skýrðu gögnin.

Þau eru: A. „Mat á kostnaði við hækkun frítekjumarks ellilífeyrisþega og mat á fjölda ellilífeyrisþega sem hagnast á hækkun annars vegar almenns frítekjumarks og hins vegar frítekjumarks atvinnutekna“, dags. 17.9.2020, unnið af Sigurði M. Grétarssyni.

Engar TR greiðslur fá þeir sem hafa yfir 595.642 kr./mán. (núllmark) í viðmiðunartekjur, eða 2.166 manns. 33.487 manns eru með skertar greiðslur. Flestir þeirra nyttu góðs af hækkunum frítekjumarkanna. Hækki almenna frítekjumarkið um 5.000/mán. kostar það ca. 1 milljarð kr. brúttó en frítekjumark atvinnutekna hefði óverulegan kostnað í för með sér fyrir TR.

B. „Greining á hversu margar konur og hversu margir karlmenn njóta góðs af hækkun frítekjumarka ellilífeyrisþega“, dags. 19.10.2020, unnið af Sigurði M. Grétarssyni.

55,4% þeirra sem fá einhver ellilaun eru konur, karlar 44,6%. Hækkun á almennu frítekjumarki í 30, 35 eða 40 þús. kr./mán. gagnast báðum kynjum svipað. Dæmið verður hins vegar óhagstætt fyrir konur þegar frítekjumark atvinnutekna er hækkað. Aðeins um 1/3 þeira sem nýttur góðs af hækkunum eru konur. Skv. bráðabirgðaútreikningum ætti almenna frítekjumarkið nú að vera um 30.000 kr./mán. hefði það fylgt vísitöluhækkunum.

73% karla 67 og 68 ára hafa engar atv.tekjur og 80% kvenna. 6% ellilífeyrisþega eru með fullan lífeyri frá TR.

C. „Kjör aldraðra, lægstu tíundirnar - vinnugögn“ er plagg sem starfshópur um lífshjör og aðbúnað aldraðra er að vinna með (dags. 12.1.2021). Viðfangsefnið er staða þeirra verst settu og mögulegar úrbætur, almenn þróun lífshjara aldraðra og samanburður við aðra hópa.

Smá tölfræði (ár 2019, afrúnnað): 44.500 manns eru yfir 66 ára, þar af 9.300 án TR greiðslna, 1.464 með skert búseturéttindi. Tíundarútreikningar ná til 39.200 manns, 2.190 án greiðslna, af þeim 1783 búsettir erlendis. Upplýsingar að baki 1. Tíundar eru ótraustar (v/ fólks sem býr erlendis og aðfluttra með skertan búseturétt). Tvær lægstu tíundir ná ekki lágmarkslaunum.

3. Öryggisnet TR. Virkar það?

Heimilt að greiða uppbót á lífeyri (skattfrjálsa) v/kostnaðar við: umönnun, lyf, heyrnartæki, húsaleigu (utan húsaleigubóta), dvalar á sambýli/áfangaheimili, rafmagn vegna súrefnissíu.

Tekju- og eignatengdar: heildartekjur <261.772 kr. Peninga- eða verðbréfaeignir >4 millj. kr. Framfærsluuppbót ekki góð. Danir skoða skattframtöl og greiða ákveðna uppbót. Lágmarksbætur eru 266 þúsund kr..

4. Önnur mál

A. Auglýsingar um hækkun ellilífeyris um 15.750 kr. virkuðu eins og að skvetta vatni á gæsaþóp hvað ríkisstjórn og þingheimi viðkom, en vakti þó athygli meðal fólks sem sagði þið reynið þó!

B. Vakin athygli á umfjöllun um tekjusöguna (tekjusagan.is) í blaðinu „Á réttri leið“ sem var fylgirit Morgunblaðsins í janúar 2020. Samanburður er óraunhæfur, t.d. þar sem tekjur einstaklinga, þar sem maður er yngri en 67 og með vinnutekjur, er borinn saman við aðra tekjuhópa.

C. Um 3.000 manns eru á hjúkrunarheimilum. Ellilaun falla þá niður og fólk fær „vasapeninga“.

D. Réttur fellur yfirleitt niður hjá stéttarfélögum þegar fólk hættir að vinna.

E. Er kosningaskrekkur í stjórnmalámönnum? Eru einhverjir reiðubúnir að gera eitthvað í kjaramálum eldri? Við þurfum að halda landsfundarályktun 2020 um kjaramál á lofti.

F. Pælingar um kjaramál, dags 4.2.2021. lagðar fram.

Kjaranefnd LEB/stjórn LEB móti stefnu í kjaramálum. Hún verði lögð fyrir næsta landsfund til samþykktar. -Fá aðstoð/leiðsögn sérfræðings í stefnumótun.

Leita eftir hugmyndum aðildarfélaganna um stefnu í kjaramálum og leiðir til að koma henni á framfæri. Virkja launþegasamtök og fleiri til að vinna með okkur.

G. Öldrunarráð Íslands með LEB og fleirum með sjónvarpsþátt þriðjudaginn 9.2. Kl. 13-15.

H. Næsti fundur: Tala um vinnubrögð, stefnumótun. Meiri sérfræðinga til að hjálpa okkur.

Fleira ekki gert, fundi slitið
Jón Ragnar Björnsson, fundarritari